

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/359****2023/EES/62/33****frá 4. mars 2020****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir
er varða áhöfn í almenningssflugum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins
(EB) nr. 216/2008 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 23. og 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um kröfurnar fyrir flugmenn sem taka þátt í starfrækslu loftfara eins og tilgreint er í i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- 2) Í ljósi þess að veiting fluglíðaskírteina fyrir loftbelgi og sviffflugur er sérstaks eðlis ætti að mæla fyrir um sértækar kröfur um veitingu skírteina í sérreglugerðum, nánar tiltekið í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 ⁽³⁾ og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 ⁽⁴⁾.
- 3) Á sama tíma ætti að fella brott kröfurnar, sem mælt er fyrir um í I. viðauka (FCL-hluta) reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011, um veitingu flugmannsskírteina fyrir loftbelgi og flugmannsskírteina fyrir sviffflugur og endurskoða ætti sumar kröfur I. viðauka (FCL-hluta) sem fjalla um þverfagleg málefni, svo sem ákvæði um mat á námi milli flugmannsskírteina fyrir loftbelgi eða sviffflugur og flugmannsskírteina fyrir aðrar gerðir loftfara, í ljósi nýrra krafna að því er varðar veitingu skírteina fyrir flugmenn loftbelgja og sviffflugna.
- 4) Kröfurnar í IV. viðauka (MED-hluta), VI. viðauka (ARA-hluta), VII. viðauka (ORA-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 ættu að gilda áfram að því er varðar veitingu fluglíðaskírteina fyrir loftbelgi og sviffflugur.
- 5) Í þeim tilgangi að bæta flugöryggi enn frekar ætti að hvetja flugmenn, sem iðka sport- og tómstundaflug, til að öðlast réttindi til að fljúga í samræmi við blindflugsreglur. Því ætti að aðlaga gildandi reglur varðandi blindflugsáritanir með því að innleiða grunnblindflugsáritun (e. *basic instrument rating*, BIR) í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011. Grunnblindflugsáritunin ætti að vera sniðin sérstaklega að þörfum flugmanna sem iðka sport- og tómstundaflug að því er varðar inntak þjálfunar þeirra og gildissvið réttinda þeirra.
- 6) Með innleiðingu grunnblindflugsáritunar verður blindflugsáritun í flugleið (EIR) í FCL.825 I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 óþörf og ætti því að fella hana brott. Hins vegar ættu núverandi handhafar blindflugsáritunar í flugleið að eiga rétt á að neyta áfram réttinda sinna og ættu að fá blindflugsáritun í flugleið metna þegar þeir óska eftir því að fá grunnblindflugsáritun. Einnig ætti að vera mögulegt að halda áfram þjálfun fyrir blindflugsáritun í flugleið sem hófst áður en þessi reglugerð tók gildi og ljúka henni sem þjálfun fyrir grunnblindflugsáritun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 82. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningssflugum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu sviffflugna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtið. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).

- 7) Gera ætti tæknilega uppfærslu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 á grundvelli þess lærdóms sem dreginn hefur verið einkum á sviði hæfisbundinnar leiðsögu (PBN), þjálfunar í að fyrirbyggja og bregðast við óeðlilegri flugstöðu (UPRT) og réttinda og hæfi kennara og dómara.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álit Flögryggisstofnunar Evrópu nr. 01/2019 ⁽⁵⁾ í samræmi við b-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Viðfangsefni

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um:

- a) mismunandi áritanir sem eru skráðar í flugmannsskírteini, skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteinin, réttindi og skyldur handhafa skírteina, sem og skilyrðin fyrir því að breyta núverandi þjóðarskírteinum flugmanna og flugvélstjóra í flugmannsskírteini,
- b) vottun einstaklinga, sem bera ábyrgð á að veita flugþjálfun eða þjálfun í flughermi og á að meta færni flugmanns,
- c) mismunandi heilbrigðisvottorð fyrir flugmenn, skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla heilbrigðisvottorðin, réttindi og skyldur handhafa heilbrigðisvottorða sem og skilyrðin fyrir því að breyta þjóðarheilbrigðisvottorðum í gagnkvæmt viðurkennd heilbrigðisvottorð,
- d) vottun fluglækna sem og skilyrðin fyrir því að heimilislæknar geti gegnt hlutverki fluglækna,
- e) reglulegt mat á flugheilbrigði öryggis- og þjónustuliða, sem og réttindi og hæfni einstaklinga sem bera ábyrgð á þessu mati,
- f) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla staðfestingavottorð öryggis- og þjónustuliða, sem og réttindi og ábyrgð handhafa staðfestingavottorða öryggis- og þjónustuliða,
- g) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorð þjálfunarfyrtækja sem sjá um þjálfun flugmanna og fluglæknasetra sem koma að starfsréttindum og mati á flugheilbrigði áhafnar í almenningsflug, og
- h) kröfur um vottun flughermisþjálfara og kröfur sem gilda um fyrirtæki sem starfrækja eða nota þessi tæki,
- i) kröfur að því er varðar stjórnábyrgð og stjórnunarkerfið, sem aðildarríkin, Flögryggisstofnun Evrópusambandsins og fyrirtækin eiga að uppfylla í tengslum við reglurnar sem vísað er til í a- til h-lið.

2. Ákvæði 11. gr. b og 11. gr. c í þessari reglugerð sem og ákvæði IV. viðauka (MED-hluta), VI. viðauka (ARA-hluta), VII. viðauka (ORA-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) við þessa reglugerð gilda um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi og svifflugur.“

⁽⁵⁾ Álit nr. 01/2019, A- og B-hluti, 19.2.2019 sem ber titilinn *Easier access for GA pilots to IFR flying & Revision of the balloon and sailplane licensing requirements*. Aðgengilegt á: <https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions>

2) Í stað 19. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„19) „flugkennari (FI)“: kennari sem hefur réttindi til að veita þjálfun í loftfari í samræmi við J-kafla I. viðauka (FCL-hluta) við þessa reglugerð, FI-kafla III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 (*), eða FI-kafla III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 (**),

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftfélga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10),

(**) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu svifflugna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtið. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).“

3) Í 8. mgr. 4. gr. kemur „8. september 2021“ í stað „8. apríl 2021“.

4) Eftirfarandi 4. gr. c bætist við:

„4. gr. c

Umbreytingarráðstafanir fyrir handhafa blindflugsáritunar í flugleið

1. Til og með 8. september 2022 skulu handhafar blindflugsáritunar í flugleið (EIR), samkvæmt FCL.825 í I. viðauka (FCL-hluta):

a) eiga rétt á að neyta áfram þeirra réttinda sem blindflugsáritun í flugleið veitir þeim,

b) fá framlengingu eða endurnýjun á blindflugsáritun sinni í flugleið í samræmi við g-lið FCL.825 framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) (*),

c) eiga rétt á að hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar um þjálfun í i. og ii. lið 2. liðar c-liðar FCL.835 í I. viðauka (FCL-hluta) þegar þeir sækja um útgáfu grunnblindflugsáritunar (BIR) í samræmi við FCL.835 í I. viðauka (FCL-hluta) og

d) fá nám sitt metið að fullu, eins og ákvarðað er fyrir handhafa blindflugsáritunar í flugleið skv. I. viðauka (FCL-hluta).

2. Frá og með 8. september 2021 geta þjálfunarnámskeið fyrir blindflugsáritun í flugleið, sem um getur í 1. lið, sem hafa hafist fyrir þá dagsetningu, haldið áfram og skulu teljast þjálfunarnámskeið fyrir grunnblindflugsáritun. Á grundvelli mats á umsækjandanum skal samþykka þjálfunarfyrirtækið, sem ber ábyrgð á þjálfunarnámskeiðinu fyrir grunnblindflugsáritun, ákvarða hversu stóran hluta af þjálfuninni fyrir blindflugsáritun í flugleið (EIR) skuli viðurkenna með tilliti til útgáfu grunnblindflugsáritunar.

3. Umsækjendur um grunnblindflugsáritun, sem eru handhafar blindflugsáritunar í flugleið eða hafa staðist próf í bóklegri þekkingu fyrir blindflugsáritun í flugleið í samræmi við d-lið FCL.825 fyrir 8. september 2021, skulu hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar um kennslu í bóklegum greinum og bókleg próf til grunnblindflugsáritunar.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) frá 4. mars 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).“

5) Í stað 11. gr. c kemur eftirfarandi:

„11. gr. c

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríki skulu:

a) afhenda Flugöryggisstofnun Evrópu, eigi síðar en 8. apríl 2021, allar skrár sem tengjast eftirliti með fyrirtækjum sem veita þjálfun fyrir flugmannsskírteini í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/395 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 og sem Flugöryggisstofnun Evrópu er lögbært yfirvald fyrir í samræmi við 78. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (*),

- b) ljúka vottunarferlinu sem hófst fyrir 8. apríl 2020, í samráði við Flugöryggisstofnun Evrópu, og gefa út vottorðið en í kjölfar þess tekur Flugöryggisstofnun Evrópu á sig alla ábyrgð sem lögbært yfirvald fyrir þessi vottuðu fyrirtæki.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stj. tíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).“

- 6) Í 12. gr. fellur 2. mgr. a brott.
- 7) Í 4. mgr. 12. gr. kemur „20. júní 2021“ í stað „20. júní 2020“.
- 8) Ákvæðum I. viðauka (FCL-hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 9) Ákvæðum IV. viðauka (MED-hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
- 10) Ákvæðum VI. viðauka (ARA-hluta) er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.
- 11) Ákvæðum VII. viðauka (ORA-hluta) er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.
- 12) Ákvæðum VIII. viðauka (DTO-hluta) er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 8. apríl 2020.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu eftirfarandi ákvæði gilda frá 8. september 2021:
 - a) e-liður 1. liðar, b-liður 4. liðar, 5.–7. liður, 32. liður, 34. liður, d-liður 36. liðar, a-liður 40. liðar, 41. liður, 42. liður, 44. liður, 46.–48. liður, f-liður 52. liðar, a- til c-liður 53. liðar, e-liður 53. liðar, f-liður 53. liðar, 54. liður, 55. liður, a- til c-liður 56. liðar og 57. liður í I. viðauka,
 - b) b-liður í II. viðauka,
 - c) ii. liður d-liðar 10. liðar í III. viðauka.
4. Þrátt fyrir 2. mgr. skal 7. liður 1. gr. og 49. liður, d-liður 53. liðar og b-, d- og e-liður 58. liðar í I. viðauka koma til framkvæmda frá gildistökudegi þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Lið FCL.010 er breytt sem hér segir:

a) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „loftskip“ kemur eftirfarandi:

„,loftskip“: aflknúð loftfar sem er léttara en loft, að undanskildum loftskipum fyrir heitt loft, sem falla undir skilgreiningu á loftbelg í samræmi við 7. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395.“

b) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „fartími“ kemur eftirfarandi:

„,fartími“:

fyrir flugvélar, ferðavélsvifflugur og vænghnitur, er fartími sá heildartími sem líður frá því að loftfar hreyfist fyrst í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að fullu að afloknu flugi,

fyrir þyrlur, er fartími sá heildartími frá því að þyrlblöð þyrlunnar byrja að snúast þar til þyrlan stöðvast að afloknu flugi og þyrlblöðin stöðvast,

fyrir loftskip, er fartími sá heildartími frá því að loftskip er losað frá mastrinu í þeim tilgangi að hefja það á loft þar til að loftskipið stöðvast að afloknu flugi og hefur verið bundið við mastrið.“

c) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „vélsviffluga“ kemur eftirfarandi:

„,vélsviffluga“: sviffluga sem útbúin er með einum eða fleiri hreyflum og hefur einkenni svifflugu þegar hreyflar hennar eru óstarfhæfir.“

d) Í stað skilgreiningarinnar á hugtakinu „ferðavélsviffluga“ kemur eftirfarandi:

„,ferðavélsviffluga“: sérstakur flokkur vélsvifflugna með sambyggðan, óinndrægan hreyfil og óinndræga skrúfu, nema kveðið sé á um annað í kjölfar vottunarferlisins í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012. Hún skal geta hafið sig á loft og klifrað fyrir eigin vélarafli í samræmi við flughandbók viðkomandi svifflugu.“

e) Eftirfarandi skilgreiningar bætast við:

i. „,leiðarflug samkvæmt blindflugsreglum“ (e. *en-route IFR flight*): sá hluti blindflugs sem hefst eftir að blind-brottsflugsverklagi er lokið og lýkur þegar blindaðflugsverklag hefst,“ og

ii. „,blindflug með takmarkaða notkun mælitækja“ (e. *limited panel instrument flight*): horf loftfars ákvarðað út frá varamælitækjum þegar aðalviðmiðunarkerfið til að ákvarða horf og nefstefnu er bilað.“

f) Eftirfarandi skilgreiningar falla brott:

„flokkur loftbelgs“ og

„hópur loftbelgja“.

2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.015:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Umsókn um útgáfu, framlengingu eða endurnýjun á flugmannsskirteinum og tengdum áritunum og vottorðum, sem og öllum breytingum á þeim, skal lögð fyrir lögbæra yfirvaldið á því formi og á þann hátt sem það yfirvald ákveður. Umsókninni skulu fylgja gögn sem staðfesta að umsækjendur standist viðeigandi kröfur fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun skirteinisins eða vottorðsins, sem og tengdra áritana eða viðbótaráritana, eins og kveðið er á um í þessum viðauka (FCL-hluta) og í IV. viðauka (MED-hluta).“

b) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Lögbæra yfirvaldið skal skrá í skirteinið eða vottorðið allar takmarkanir eða viðbætur við þau réttindi sem skirteini, áritun eða vottorð veitir, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.“

c) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) Skirteinishafi skal leggja fram umsóknir, í samræmi við a-lið, til lögbæra yfirvaldsins sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem skirteini viðkomandi var gefið út í samræmi við þennan viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 eða III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á.“

- d) Eftirfarandi e- og f-lið er bætt við:
- „e) Handhafi skírteinis, sem hefur verið gefið út í samræmi við þennan viðauka (FCL-hluta), getur sótt um að skipta um lögbært yfirvaldi að því er varðar öll skírteini hans hjá lögbæra yfirvaldinu sem tilnefnt er af öðru aðildarríki, eins og tilgreint er í d-lið.
 - f) Varðandi útgáfu skírteinis, áritunar eða vottorðs skal umsækjandinn leggja inn umsókn sína eigi síðar en 6 mánuðum eftir að hafa náð færniþrófinu eða hæfnismatinu.“
- 3) Í stað b-liðar FCL.020 kemur eftirfarandi:
- „b) Áður en fyrsta einflug hans eða hennar fer fram skal flugnemi a.m.k. hafa náð 16 ára aldri.“
- 4) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. lið c-liðar FCL.025:
- a) Í stað i. liðar kemur eftirfarandi:
 - „i. Í 24 mánuði vegna útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför eða einkaflugmannsskírteinis,“.
 - b) Í stað ii. og iii. liðar kemur eftirfarandi:
 - „ii. í 36 mánuði vegna útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis eða blindflugsáritunar,
 - iii. í ótakmarkaðan tíma vegna útgáfu grunnblindflugsáritunar.Tímabilin í i. og ii. lið skulu reiknuð frá þeim degi sem flugmennirnir stóðust prófið í bóklegri þekkingu í samræmi við 2. lið b-liðar.“
- 5) Eftirfarandi c-lið er bætt við FCL.030:
- „c) Að því er varðar útgáfu grunnblindflugsáritunar verður umsækjandi um færniþróf fyrst að ljúka öllum námseiningum og leggja fram meðmæli samþykktis þjálfunarfyrtækis. Samþykktta þjálfunarfyrtækið skal veita prófdómaranum aðgang að þjálfunarskrám hans eða hennar.“
- 6) Í stað b-liðar FCL.035 kemur eftirfarandi:
- „b) Viðurkenning á bóklegri þekkingu
 - 1) Umsækjendur sem hafa staðist próf í bóklegri þekkingu vegna atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL) skulu hljóta viðurkenningu til móts við kröfurnar um bóklega þekkingu fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför (LAPL), einkaflugmannsskírteini (PPL), atvinnuflugmannsskírteini (CPL) og, nema hvað varðar þyrlur, blindflugsáritun og grunnblindflugsáritun fyrir sömu gerð loftfars.
 - 2) Umsækjendur sem hafa staðist próf í bóklegri þekkingu vegna atvinnuflugmannsskírteinis (CPL) skulu hljóta viðurkenningu til móts við kröfurnar um bóklega þekkingu:
 - i. fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför fyrir sömu gerð loftfars,
 - ii. fyrir einkaflugmannsskírteini fyrir sömu gerð loftfars og
 - iii) í námsgreininni „fjarskipti“ fyrir grunnblindflugsáritunina. Þessi viðurkenning tekur einnig til þess hluta greinarinnar „fjarskipti“ sem lýtur að blindflugsreglum en aðeins ef þeirri námsgrein var lokið í samræmi við lið FCL.310 sem gildir frá og með 20. desember 2019.
 - 3) Handhafar blindflugsáritunar eða umsækjendur sem hafa staðist bóklegt blindflugspróf fyrir gerð loftfars skulu hljóta viðurkenningu til móts við kröfurnar um kennslu og próf í bóklegri þekkingu fyrir:
 - i. blindflugsáritun á aðra gerð loftfars og
 - ii. grunnblindflugsáritun.
 - 4) Handhafar flugmannsskírteinis skulu hljóta viðurkenningu til móts við kröfurnar um kennslu og próf í bóklegri þekkingu fyrir skírteini á aðra gerð loftfars í samræmi við 1. viðbæti við þennan hluta. Þessi viðurkenning á einnig við um umsækjendur um flugmannsskírteini sem hafa þegar staðist bókleg próf vegna útgáfu viðkomandi skírteinis á aðra gerð loftfars, að því tilskildu að bóklega prófið sé innan þess gildistíma sem tilgreindur er í c-lið í hluta FCL.025.
 - 5) Þrátt fyrir 3. lið b-liðar skulu handhafar blindflugsáritunar á flugvél (IR(A)), sem hafa lokið hæfnimiðuðu, áfangaskiptu námskeiði til blindflugsáritunar á flugvél, aðeins hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar um kennslu og próf í bóklegri þekkingu vegna blindflugsáritunar á aðra gerð loftfars ef þeir hafa einnig staðist kennslu og próf í bóklegri þekkingu í þeim hluta námsins sem lýtur að blindflugsreglum, eins og krafist er í i. lið 2. liðar í b-lið FCL.720.A.“

- 7) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.055:
- a) Í stað inngangsmálsliðarins í d-lið kemur eftirfarandi:
 - „d) Sérstakar kröfur sem handhafar blindflugsáritunar þurfa að uppfylla. Þrátt fyrir liðina hér að framan skulu handhafar blindflugsáritunar hafa sýnt fram á færni til þess að nota enska tungu á viðeigandi hæfnistigi eins og skilgreint er í 2. viðbæti við þennan viðauka.“
 - b) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:
 - „e) Handhafar blindflugsáritunar skulu sýna fram á tungumálakunnáttu sína og notkun enskrar tungu með því að nota matsaðferð sem lögbært yfirvald ákveður.“
- 8) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.060:
- a) Ákvæði a-liðar falla brott.
 - b) Í stað inngangsmálsliðarins í b-lið kemur eftirfarandi:
 - „b) Flugvélar, þyrlur, vænghnitur og loftskip. Flugmaður skal ekki starfrækja loftfar í flutningaflugi eða til að flytja farþega.“
- 9) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.065:
- a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:
 - „b) Við 65 ára aldur. Handhafar flugmannsskírteinis, sem hafa náð 65 ára aldri, skulu ekki starfa sem flugmenn á loftfari í flutningaflugi.“
 - b) Ákvæði c-liðar falla brott.
- 10) Í stað FCL.100 kemur eftirfarandi:
- „FCL.100 LAPL – Lágmarksaldur**
- Umsækjendur um LAPL-skírteini fyrir flugvélar eða þyrlur skulu vera a.m.k. 17 ára gamlir.“
- 11) Í stað FCL.120 kemur eftirfarandi:
- „FCL.120 LAPL — Próf í bóklegri þekkingu**
- Umsækjendur um LAPL-skírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum með prófum í eftirfarandi námsgreinum:
- a) almennar námsgreinar:
 - lög og reglur um loftferðir,
 - mannleg geta,
 - veðurfræði,
 - fjarskipti og
 - flugleiðsaga,
 - b) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:
 - flugeðlisfræði,
 - verklag í flugi,
 - afkastageta og áætlanagerð og
 - almenn þekking á loftförum.“
- 12) Í stað b-liðar FCL.110.A kemur eftirfarandi:
- „b) Sérstakar kröfur vegna umsækjenda sem hafa SPL-skírteini sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, þ.m.t. réttindi til að fljúga ferðavélsvifflugum. Umsækjendur um LAPL(A)-skírteini, sem eru handhafar SPL-skírteinis sem í eru skráð réttindi fyrir ferðavélsvifflugum, skulu hafa lokið við a.m.k. 21 klst. fartíma í ferðavélsvifflugum eftir að hafa fengið réttindi fyrir ferðavélsvifflugum skráð í skírteini sitt og skulu fara að kröfum a-liðar í FCL.135.A um flugvélar.“

13) Eftirfarandi c-lið er bætt við FCL.135.A:

„c) Umsækjendur um viðbótarréttindi við LAPL(A)-skírteinið þannig að það taki til ferðavélsvifflugum sem eru einnig handhafar SPL-skírteinis í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, þ.m.t. réttinda til að fljúga á ferðavélsvifflugum, skulu hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-lið.“

14) Ákvæði 4. og 5. þáttar í B-kafla falla brott.

15) Í stað fyrirsagnar C-kafla kemur eftirfarandi:

„**EINKAFLUGMANNSSKÍRTEINI (PPL)**“.

16) Í stað FCL.200 kemur eftirfarandi:

„**FCL.200 Lágmarksaldur**

Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini skulu vera a.m.k. 17 ára gamlir.“

17) Í stað a- og b-liðar FCL.210 kemur eftirfarandi:

„a) Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunar-fyrirtæki.

b) Námskeiðið skal fela í sér bóklegt og verklegt flugnám sem samsvarar réttindum sem veitt eru í tengslum við einkaflugmannsskírteini sem sótt er um.“

18) Í stað FCL.215 kemur eftirfarandi:

„**FCL.215 Próf í bóklegri þekkingu**

Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegar þekkingar, sem samsvarar veittum réttindum, með prófum í eftirfarandi námsgreinum:

a) almennar námsgreinar:

- lög og reglur um loftferðir,
- mannleg geta,
- veðurfræði,
- fjarskipti og
- flugleiðsaga,

b) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:

- flugeðlisfræði,
- verklag í flugi,
- afkastageta og áætlanagerð og
- almenn þekking á loftförum.“

19) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.235:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Með því að ljúka færniprófi skulu umsækjendur um einkaflugmannsskírteini sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á viðeigandi gerð loftfars sem og þekkingu sína á viðeigandi verklagi og flugbrögðum með hæfni sem hæfir veittum réttindum.“

b) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Umsækjendur um færniprófið skulu hafa fengið flugkennslu á loftfar í sama flokki eða af sömu tegund og nota á í færniprófinu.“

20) Ákvæði c-liðar í FCL.210.A er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

„c) Sértaekar kröfur vegna umsækjenda sem hafa SPL-skírteini sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, þ.m.t. réttindi til að fljúga ferðavélsvifflugum. Umsækjendur um PPL(A)-skírteini sem eru handhafar SPL-skírteinis með réttindi til að fljúga ferðavélsvifflugum skulu hafa lokið.“

- b) Í stað 1. undirliðar kemur eftirfarandi:
- „1) a.m.k. 24 klst. fartíma í ferðavélsvifflugum eftir að hafa fengið réttindi fyrir ferðavélsvifflugu skráð í skírteini sitt og“.
- 21) Í stað b-liðar FCL.210.As kemur eftirfarandi:
- „b) Umsækjendur sem hafa flugmannsskírteini fyrir loftbelgi (BPL), sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395, og hafa réttindi til að fljúga hitaloftskipum, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 10% af heildarfartíma sínum sem flugstjórar á slíkum loftskipum, þó ekki meira en fimm tíma.“
- 22) Ákvæði 5. og 6. þáttar í C-kafla falla brott.
- 23) Í stað FCL.600 kemur eftirfarandi:
- „FCL.600 Blindflugsáritun — Almennt**
- Að undanskildu því sem kveðið er á um í FCL.835 má starfræksla flugvélar, þyrlu, loftskips eða vænghnita, samkvæmt blindflugsreglum, einungis vera í höndum handhafa PPL-skírteinis, CPL-skírteinis, MPL-skírteinis og ATPL-skírteinis með blindflugsáritun sem er viðeigandi fyrir gerð loftfars, eða, ef blindflugsáritun sem er viðeigandi fyrir gerð loftfars er ekki tiltæk, aðeins í tengslum við færniþróf eða fartíma með kennara.“
- 24) Eftirfarandi c-lið er bætt við FCL.620:
- „c) Umsækjendur, sem hafa lokið færniþrófi fyrir blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar á fjölhreyfla einstjórnarflugvél, sem krafist er flokksáritunar fyrir, skulu einnig fá útgæfna blindflugsáritun fyrir eins hreyfils flugvélar fyrir þær flokks- eða tegundaráritanir fyrir eins hreyfils flugvélar sem þeir hafa undir höndum.“
- 25) Í stað a-liðar FCL.700 kemur eftirfarandi:
- „a) Handhafar flugmannsskírteinis skulu aðeins starfa sem flugmenn loftfars ef þeir hafa gilda og viðeigandi flokks- eða tegundaráritun, nema í eftirfarandi tilvikum:
- 1) ef þeir neyta réttinda LAPL-skírteinis,
 - 2) ef þeir taka færniþróf eða hæfniþróf vegna endurnýjunar flokks- eða tegundaráritana,
 - 3) ef þeir fá flugkennslu,
 - 4) ef þeir eru handhafar reynsluflugsáritunar, sem gefin er út í samræmi við FCL.820.“
- 26) Eftirfarandi f-lið er bætt við FCL.725:
- „f) Umsækjendur um flokksáritun fyrir ferðavélsvifflugur, sem eru einnig handhafar SPL-skírteinis í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, þ.m.t. réttinda til að fljúga á ferðavélsvifflugum, skulu hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-, b- og c-lið.“
- 27) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.740.A:
- a) Í stað 4. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:
- „4) Framlengingu vegna grunnblindflugsáritunar eða blindflugsáritunar fyrir flugvélar, ef hún er til staðar, má framkvæma samhliða hæfniþrófi til framlengingar flokks- eða tegundaráritunar.“
- b) Í stað 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:
- „1) Flokksáritanir fyrir eins hreyfils flugvélar með bullhreyfli og flokksáritanir fyrir ferðavélsvifflugur. Vegna framlengingar flokksáritana fyrir eins hreyfils einstjórnarflugvélar með bullhreyfli eða flokksáritana fyrir ferðavélsvifflugur skulu umsækjendur:“
- c) Eftirfarandi 5. lið er bætt við í b-lið:
- „5) Hæfniþrófið fyrir framlengingu á gildistíma flokksáritunar fyrir eins hreyfils einstjórnarflugvélar má framkvæma samhliða hæfniþrófi til framlengingar á gildistíma grunnblindflugsáritunar í samræmi við 8. lið g-liðar FCL.835.“
- 28) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.800:
- a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:
- „a) Handhafar flugmannsskírteinis með réttindi til að fljúga flugvélum eða ferðavélsvifflugum skulu aðeins fljúga listflug ef þeir hafa áritun fyrir listflug í samræmi við þennan lið.“
- b) Í stað 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:
- „1) a.m.k. 30 klst. fartíma sem flugstjóri á flugvélum eða ferðavélsvifflugum eftir útgáfu skírteinisins.“

- c) Í stað ii. liðar 2. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:
- „ii. a.m.k. 5 tímum í listflugskenndu í flugvélum eða ferðavélsvifflugum sem flogið er með hreyfilafli.“
- d) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:
- „c) Réttindi áritunarinnar fyrir listflug skulu takmörkuð við listflug í annaðhvort flugvélum eða ferðavélsvifflugum sem flogið er með hreyfilafli, allt eftir því á hvaða loftfari kröfurnar í 1. lið b-liðar eða ii. lið 2. liðar b-liðar voru uppfylltar. Þessari takmörkun skal aflétt að fenginni beiðni ef flugmaður hefur lokið með fullnægjandi árangri a.m.k. 3 þjálfunarflugum með kennara í flugvélum eða ferðavélsvifflugum sem flogið er með hreyfilafli, eftir því sem við á, þar sem farið er yfir allt námsefni listflugsþjálfunar.“
- e) Eftirfarandi d-lið er bætt við:
- „d) Umsækjendur um áritun fyrir listflug sem hafa einnig undir höndum flokksáritun fyrir ferðavélsvifflugur sem og framhaldsréttindi fyrir listflug fyrir svifflugur, sem tilgreind eru í d-lið SFCL.200 í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, skulu:
- 1) hljóta undanþágu frá því að áritun þeirra fyrir listflug verði takmörkuð við flugvélar, eins og tilgreint er í c-lið, ef þeir hafa uppfyllt kröfurnar í 1. lið b-liðar eða ii. lið 2. liðar b-liðar í flugvélum eða
 - 2) hljóta viðurkenningu að fullu til móts við kröfurnar í b-lið fyrir útgáfu áritunar fyrir listflug, sem takmörkuð er við ferðavélsvifflugur sem flogið er með hreyfilafli. Þessari takmörkun skal aflétt að fenginni beiðni ef flugmaður hefur lokið þjálfuninni eins og tilgreint er í c-lið.“
- 29) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.805:
- a) Í stað iii. liðar 2. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:
- „iii. nema hvað varðar handhafa SPL-skirteinis í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, fimm kynningarflugum í svifflugum sem komið er á loft af loftfari.“
- b) Eftirfarandi g-lið er bætt við:
- „g) Umsækjendur um áritun fyrir flugtog á svifflugum eða flugtog á borða með ferðavélsvifflugum í samræmi við þennan lið skulu hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfur b- eða c-liðar, eftir því sem við á, ef þeir eru handhafar áritunar fyrir flugtog á svifflugum eða flugtog á borða í samræmi við lið SFCL.205 í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á, eða ef þeir hafa uppfyllt allar kröfurnar sem gilda vegna útgáfu þeirrar áritunar.“
- 30) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.810:
- a) Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:
- i. Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:
- „1) Til að neyta réttinda LAPL-skirteinis eða PPL-skirteinis fyrir flugvélar, ferðavélsvifflugur eða loftskip við sjónflugsskilyrði að nóttu til skulu umsækjendur hafa lokið þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu þjálfunarfyrtæki eða samþykktu þjálfunarfyrtæki innan sex mánaða. Námskeiðið skal samanstanda af:“
- ii. Eftirfarandi 4. lið er bætt við:
- „4) Umsækjendur um næturflugsáritun fyrir flugvélar eða ferðavélsvifflugur í samræmi við þennan undirlið skulu hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfur 1. og 2. undirliðar ef þeir eru handhafar næturflugsáritunar fyrir ferðavélsvifflugur í samræmi við lið SFCL.210 í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 eða ef þeir hafa uppfyllt allar kröfurnar sem gilda vegna útgáfu þeirrar áritunar.“
- b) Ákvæði c-liðar falla brott.
- 31) Í stað inngangsmálsliðar a-liðar í lið FCL.815 kemur eftirfarandi:
- „a) Réttindi. Réttindi handhafa fjallaflugsáritunar heimila honum að fljúga flugvélum eða ferðavélsvifflugum til og frá yfirborði sem talið er að krefjist slíkrar áritunar af því lögbæra yfirvaldi sem skipað er af aðildarríkjunum.
- Handhafar LAPL- eða PPL-skirteinis með réttindi til að fljúga flugvélum eða ferðavélsvifflugum geta fengið fyrstu fjallaflugsáritunina annaðhvort fyrir:“
- 32) Liður FCL.825 fellur brott.
- 33) Liður FCL.830 fellur brott.

34) Eftirfarandi liður FCL.835 bætist við:

„FCL.835 Grunnblindflugsáritun (BIR)

a) Réttindi og skilyrði

- 1) Réttindi handhafa grunnblindflugsáritunar eru að fljúga samkvæmt blindflugsreglum á einstjórnarflugvélum, sem viðkomandi hefur flokksáritun fyrir, að undanskildum flugvélum með mikla afkastagetu og afbrigði flugvéla ef gögn um örugga starfrækslu sýna að blindflugsáritun er nauðsynleg.
- 2) Einungis má neyta réttinda grunnblindflugsáritunar í samræmi við lið FCL.205.A.
- 3) Einungis má neyta réttinda grunnblindflugsáritunar að nóttu til ef flugmaðurinn hefur næturflugsáritun í samræmi við lið FCL.810.
- 4) Réttindi grunnblindflugsáritunar fyrir fjölhreyfla flugvélar skulu einnig gilda um eins hreyfils flugvélar, sem flugmaðurinn hefur undir höndum gilda flokksáritun fyrir.
- 5) Neyting réttinda grunnblindflugsáritunar skal háð öllum eftirfarandi skilyrðum:
 - i. sú ákvörðunarhæð (DH) eða lágmarkslækkunarhæð (MDH) sem er notuð sem flugvallarlágmark skal vera að lágmarki 200 fetum hærrí en ella væri miðað við útreikninga í samræmi við lið „NCO.OP.110 Flugvallarlágmark – flugvélar og þyrlur“ og lið „NCO.OP.111 Flugvallarlágmark – grunnaðflug (NPA), aðflug með leiðsögu í lóðréttum fleti (APV), starfræksla skv. I. flokki“ í VII. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 og
 - ii. skyggnið, sem notað er sem flugvallarlágmark, skal ekki vera minna en 1500 m,
 - iii. flugstjórinn skal ekki leggja upp í flug samkvæmt blindflugsreglum eða skipta úr sjónflugi í blindflug nema:
 - A) skyggnið á brottfararflugvellinum sé a.m.k. 1500 m og skýjahulan að lágmarki 600 fet eða a.m.k. þau hringaðflugslágmark sem gefin eru út fyrir flugvélaflokkinn, eftir því hvort gildið er hærra og
 - B) skyggnið, samkvæmt fyrirliggjandi veðurupplýsingum á ákvörðunarflugvellinum og á öllum varaflugvöllum sem krafist er, sé a.m.k. 1500 m og skýjahulan að lágmarki 600 fet eða a.m.k. þau hringaðflugslágmark sem gefin eru út fyrir flugvélaflokkinn eða a.m.k. ákvörðunarhæð/lágmarkslækkunarhæð að viðbættum 200 fetum í samræmi við i. lið, hvort heldur sem meira er, á tímabilinu einum klukkutíma fyrir til klukkutíma eftir áætlaðan komutíma eða frá raunbrottfarartíma til einum klukkutíma eftir áætlaðan komutíma, hvort heldur tímabilið er styttra.

b) Forsendur. Umsækjendur um grunnblindflugsáritun skulu a.m.k. vera handhafar einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar (PPL(A)).

c) Þjálfunarnámskeið. Umsækjendur um grunnblindflugsáritun skulu hafa lokið eftirfarandi hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki:

- 1) kennslu í bótlegrri þekkingu í samræmi við a-lið FCL.615 og
- 2) flugkennslu sem nær yfir eftirfarandi áfanga í blindflugkennslu:
 - i. áfangi 1 - grunnþjálfunaráfangi í flugfærni eingöngu út frá mælitækjum,
 - ii. áfangi 2 - verklegur flugþjálfunaráfangi fyrir blindbrottsverklag, biðflugsverklag, tvívíddar- og þrívíddaraðflugsverklag,
 - iii. áfangi 3 - verklegur flugþjálfunaráfangi fyrir blindflugsverklag í leiðarflugi og
 - iv. áfangi 4 - ef sótt er um grunnblindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar skal verklegi flugþjálfunaráfanginn með einn hreyfil óstarfhæfan taka til blindaðflugsverklags með hreyfilbilun og verklags þegar hætt er við lendingu og
- 3) flugkennslu sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:
 - i. áfanganum, sem tilgreindur er í i. lið 2. liðar c-liðar, skal lokið fyrst; umsækjandinn getur valið í hvaða röð hann lýkur áföngunum sem tilgreindir eru í ii. og iii. lið 2. liðar c-liðar og, ef við á, iv. lið 2. liðar c-liðar,
 - ii. áföngunum, sem tilgreindir eru í 2. lið c-liðar, má ljúka í flugvélum, flughermisþjálfum eða sambland af þessu; umsækjandinn skal undir öllum kringumstæðum fá þjálfun í þeirri flugvél sem nota á í færniþrófinu,

- iii. hefja má áfangana, sem tilgreindir eru í i., ii. og iv. lið 2. liðar c-liðar, annars staðar en hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki en þeim skal lokið hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki; áfanganum, sem tilgreindur er í iii. lið 2. liðar c-liðar, má ljúka annars staðar en hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki,
 - iv. áður en áfanginn, sem tilgreindur er í iv. lið 2. liðar c-liðar, hefst skal flugmaður, sem ekki hefur flokks- eða tegundaráritun fyrir fjölhreyfla flugvél, hafa hlotið þjálfun fyrir fjölhreyfla flugvél samkvæmt H-kafla þessa viðauka (FCL-hluta).
- d) Bókleg þekking. Áður en umsækjendur taka færniþróf verða þeir að sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum með því að þreyta próf í þeim námsgreinum sem um getur í b-lið FCL.615. Prófið í bóklegri þekkingu skal samanstanda af skriflegu prófi fyrir hvern áfanga, eins og er í i., ii. og iii. lið 2. liðar c-liðar.
- e) Færniþróf. Þegar þjálfunarnámskeiðinu, sem tilgreint er í c-lið, er lokið skulu umsækjendur standast færniþróf í flugvél í samræmi við 7. viðbæti við þennan viðauka. Að því er varðar grunnblindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar skal nota fjölhreyfla flugvél við færniþrófið. Að því er varðar grunnblindflugsáritun fyrir eins hreyfils flugvélar skal nota eins hreyfils flugvél við færniþrófið. Fjölhreyfla flugvél með báða hreyfla á langás flugvélarinnar skal teljast eins hreyfils flugvél í skilningi þessa liðar.
- f) Þrátt fyrir ákvæði d-liðar skulu handhafar grunnblindflugsáritunar fyrir eins hreyfils flugvélar, sem eru einnig handhafar flokksáritunar á fjölhreyfla flugvélar og óska eftir að fá grunnblindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar í fyrsta sinn, hafa lokið þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki, sem felur í sér þjálfun eins og tilgreint er í iv. lið 2. liðar c-liðar og skulu þeir hafa staðist færniþrófið sem um getur í e-lið.
- g) Gildistími, framlenging og endurnýjun
- 1) Grunnblindflugsáritun skal gilda í eitt ár.
 - 2) Umsækjendur um framlengingu á gildistíma grunnblindflugsáritunar skulu:
 - i. á næstliðnum þremur mánuðum áður en áritunin rennur út, standast hæfniþróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta eða
 - ii. ljúka sex klukkustundum sem flugstjóri í blindflugi innan gildistímans, þ.m.t. þremur blindaðflugum og a.m.k. einni klukkustund í þjálfunarflugi með kennara sem hefur réttindi til að veita þjálfun vegna grunnblindflugsáritunar.
 - 3) Fyrir hverja framlengingu sem á eftir kemur skal handhafi grunnblindflugsáritunarinnar standast hæfniþróf, í samræmi við i. lið 2. liðar, í flugvél.
 - 4) Ef flugmaður velur að uppfylla kröfurnar um framlengingu, sem tilgreindar eru í i. lið 2. liðar g-liðar, fyrir en mælt er fyrir um í þeim lið skal nýi gildistíminn hefjast frá og með dagsetningu hæfniþrófsins.
 - 5) Umsækjendur, sem ekki standast viðeigandi hluta hæfniþrófs vegna grunnblindflugsáritunar áður en grunnblindflugsáritunin rennur út, skulu ekki neyta réttinda grunnblindflugsáritunarinnar fyrir en þeir hafa staðist hæfniþrófið.
 - 6) Ef grunnblindflugsáritun er útrunnin verða umsækjendur að gera eftirfarandi til að endurnýja réttindi sín:
 - i. þegar það er nauðsynlegt til að öðlast þá hæfni sem krafist er, ljúka upprifjunarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða, ef grunnblindflugsáritunin rann út fyrir allt að þremur árum, hjá kennara sem hefur réttindi til að veita þjálfun vegna grunnblindflugsáritunar og
 - ii. standast hæfniþróf í flugvél.
 - 7) Hvað varðar grunnblindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar verður hæfniþrófinu fyrir framlengingu eða endurnýjun sem og flugþjálfuninni, sem krafist er í ii. lið 2. liðar g-liðar, að vera lokið á fjölhreyfla flugvél.
 - 8) Hæfniþrófið fyrir framlengingu eða endurnýjun grunnblindflugsáritunar má taka samhliða hæfniþrófinu fyrir framlengingu eða endurnýjun flokksáritunar fyrir eins hreyfils flugvélar, sem neyta má réttinda grunnblindflugsáritunar á skv. 1. lið a-liðar FCL.835.
- h) Veita má umsækjendum um grunnblindflugsáritun, sem eru handhafar PPL-skirteinis eða CPL-skirteinis sem gefið er út í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta), og gilda blindflugsáritun fyrir flugvélar, sem gefin er út af þriðja landi í samræmi við kröfur 1. viðauka við Chicago-samninginn, fulla viðurkenningu til móts við kröfur þjálfunarnámskeiðsins sem um getur í 2. lið c-liðar. Til að fá útgefna grunnblindflugsáritun skulu umsækjendur:
- 1) hafa lokið með fullnægjandi hætti færniþrófinu sem um getur í e-lið,

- 2) meðan á færniþrófi stendur, sýna prófdómara munnlega fram á að þeir hafi aflað sér nægrar bóklegrar þekkingar á lögum og reglum um loftferðir, veðurfræði og áætlanagerð og afkastagetu og
 - 3) hafa flogið samkvæmt blindflugsreglum a.m.k. 25 klst. fartíma sem flugstjóri á flugvél.
- j) Handhafi blindflugsáritunar skal hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar í 2. lið c-liðar.“
- 35) Eftirfarandi kemur í stað 1. liðar c-liðar í FCL.915:
- „c) Viðurkenning til frekari kennaravottorða og í tengslum við framlengingar:
- 1) Veita má neðangreindum aðilum fulla viðurkenningu fyrir færni í náms- og kennslufræði:
 - i. handhöfum kennaravottorða sem sækja um frekari kennaravottorð og
 - ii. umsækjendum um kennaravottorð sem eru nú þegar handhafar kennaravottorðs sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 eða við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976.“
- 36) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.905.FI:
- a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) PPL-skírteinis og LAPL-skírteinis á viðeigandi gerð loftfars,“.
 - b) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) flokks- og tegundaráritana fyrir einstjórnarloftför, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu,“.
 - c) Í stað g-liðar kemur eftirfarandi:

„g) áritunar fyrir flugtog eða listflug, að því tilskildu að flugkennarinn sé handhafi slíkra réttinda og hafi sýnt flugkennara, sem hefur réttindi í samræmi við j-lið, fram á hæfni sína til að veita kennslu fyrir þá áritun,“.
 - d) Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) grunnblindflugsáritunar eða blindflugsáritunar á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að flugkennarinn uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

 - 1) hann hefur lokið blindflugskennaranámskeiði sem flugnemi og staðist hæfnismatið fyrir blindflugskennaravottorðið,
 - 2) hann uppfyllir kröfur a-liðar FCL.915.CRI, FCL.930.CRI og FCL.935 ef um er að ræða fjölhreyfla flugvélur og kröfur 1. liðar c-liðar FCL.910.TRI og 2. liðar d-liðar FCL.910.TRI ef um er að ræða fjölhreyfla þyrlur.

Til viðbótar við skilyrði 1 og 2 gildir eftirfarandi:

 - 3) ef flugkennari veitir þjálfun í flughermisþjálfna á samþykktu þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða hefur umsjón með þjálfunarflogi flugnema sem flugstjóra (SPIC), sem fer fram samkvæmt blindflugsreglum, skal hann hafa lokið a.m.k. 50 klst. fartíma samkvæmt blindflugsreglum eftir að grunnblindflugsáritunin eða blindflugsáritunin hefur verið gefin út, þar af mega allt að 10 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsögupjálfa II,
 - 4) ef flugkennari veitir þjálfun í loftfari skal hann hafa lokið a.m.k. 200 klst. fartíma samkvæmt blindflugsreglum, en þar af mega allt að 50 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsögupjálfa II.“
- e) Í stað 1. liðar j-liðar kemur eftirfarandi:

„1) hann hefur lokið a.m.k. 500 tímum í flugkennslu á viðeigandi gerð loftfars,“.

37) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á FCL.910.FI:

 - a) Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:
 - i. Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1) fyrir útgáfu PPL-skírteinis og LAPL-skírteinis,“.

- ii. Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:
- „3) fyrir flokks- og tegundaráritanir fyrir eins hreyfils einstjórnarloftför, þó ekki flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu,“.
- b) Í stað 3. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:
- „3) fyrir flugkennara á loftskip, 15 tímum eða 50 flugtökum í flugkennslu sem nær yfir alla þjálfunarnámskrána fyrir útgáfu PPL(As)-skirteinis.“
- 38) Ákvæði e- og f-liðar í FCL.915.FI falla brott.
- 39) Ákvæðum b-liðar FCL.930.FI er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:
- „2) a.m.k. 100 tíma í bóklegri kennslu, þ.m.t. framvindupróf,“.
- b) Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:
- i. Í stað ii. liðar kemur eftirfarandi:
- „ii. hvað varðar flugkennara á loftskip, a.m.k. 20 klst. flugkennslu, þar af skulu 15 klst. vera í formi fartíma með kennara.“
- ii. Ákvæði iii., iv. og v. liðar falla brott.
- c) Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:
- „4) Umsækjendur um vottorð flugkennara á aðra gerð loftfars, sem eru eða hafa verið handhafar vottorðs flugkennara á flugvélar, þyrlur eða loftskip, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 55 tíma upp í kröfuna í 2. lið b-liðar.“
- 40) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á a-lið FCL.940.FI:
- a) Í stað A-liðar i. liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:
- „A) hvað varðar flugkennara á flugvélar og þyrlur: a.m.k. 50 flugkennslutímum á viðeigandi gerð loftfara sem flugkennarar, tegundarkennarar, flokkskennarar, blindflugskennarar, fjallaflugskennarar eða prófdómarar; ef framlengja á réttindin til kennslu fyrir útgáfu grunnblindflugsáritunar og blindflugsáritunar skulu 10 þessara 50 tíma vera í formi flugkennslu fyrir grunnblindflugsáritun eða blindflugsáritun og þeim skal hafa verið lokið innan næstliðinna tólf mánaða áður en flugkennaravottorðið fellur úr gildi,“.
- b) Ákvæði C-liðar i. liðar 1. liðar og D-liðar i. liðar 1. liðar falla brott.
- c) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:
- „2) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu á vottorði flugkennara á flugvélar (FI(A)) eða flugkennara á þyrlur (FI(H)) eða þriðju hverja framlengingu á vottorði flugkennara á loftskip (FI(As)) skulu handhafar viðeigandi flugkennaravottorða standast hæfnismat í samræmi við FCL.935.“
- 41) Í stað a-liðar FCL.905.TRI kemur eftirfarandi:
- „a) framlengingu og endurnýjun blindflugsáritunar, að því tilskildu að tegundarkennarinn hafi gilda blindflugsáritun,“.
- 42) Í stað a-liðar FCL.905.IRI kemur eftirfarandi:
- „a) Réttindi blindflugskennara eru þau að veita kennslu á viðeigandi gerð loftfars í tengslum við útgáfu, framlengingu og endurnýjun grunnblindflugsáritunar eða blindflugsáritunar.“
- 43) Í stað FCL.915.IRI kemur eftirfarandi:
- „FCL.915.IRI**
- Umsækjendur um vottorð blindflugskennara skulu:
- a) að því er varðar blindflugskennara á flugvélar (IRI(A)):
- 1) til að veita þjálfun í flughermisþjálfum á samþykktu þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki, hafa lokið a.m.k. 200 klst. fartíma samkvæmt blindflugsreglum eftir að grunnblindflugsáritunin eða blindflugsáritunin hefur verið gefin út, þar af skulu a.m.k. 50 tímar vera í flugvélum,

- 2) til að veita þjálfun í flugvél, hafa lokið a.m.k. 800 klst. fartíma samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu a.m.k. 400 tímar vera í flugvélum,
 - 3) til að geta sótt um blindflugskenningaréttindi á fjölhreyfla flugvélar, uppfylla kröfurnar í a-lið FCL.915.CRI, FCL.930.CRI og FCL.935,
- b) að því er varðar blindflugskenningu á þyrlur (IRI(H)):
- 1) til að veita þjálfun í flughermisþjálfum á samþykktu þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyritæki, hafa lokið a.m.k. 125 klst. fartíma samkvæmt blindflugsreglum eftir að blindflugsáritun hefur verið gefin út, þar af skulu vera a.m.k. 65 blindflugstímar í þyrlum,
 - 2) til að veita þjálfun í þyrlu, hafa lokið a.m.k. 500 klst. fartíma samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu vera a.m.k. 250 blindflugstímar í þyrlum og
 - 3) til að sækja um blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla þyrlur, uppfylla kröfurnar í 2. lið h-liðar FCL.905.FI.
- c) Umsækjendur um vottorð blindflugskenningu á loftskip (IRI(As)) skulu hafa lokið a.m.k. 300 klst. fartíma samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu vera a.m.k. 100 blindflugstímar í loftskipum.“
- 44) Í stað 2. liðar a-liðar FCL.905.STI kemur eftirfarandi:
- „2) útgáfu, framlengingu eða endurnýjun grunnblindflugsáritunar og blindflugsáritunar og flokks- eða tegundaráritunar fyrir einstjórnarflökt, nema hvað varðar flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu.“
- 45) Í FCL.1005.FE falla d- og e-liðir brott.
- 46) Í stað 2. liðar a-liðar FCL.1005.TRE kemur eftirfarandi:
- „2) hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun tegundaráritana og blindflugsáritana.“
- 47) Í stað 4. liðar b-liðar FCL.1005.CRE kemur eftirfarandi:
- „4) framlengingu og endurnýjun grunnblindflugsáritana að því tilskildu að flokksprófdómari hafi lokið:
- i. 1500 klst. fartíma sem flugmaður á flugvélum og
 - ii. 450 klst. fartíma samkvæmt blindflugsreglum og“.
- 48) Í stað FCL.1005.IRE kemur eftirfarandi:
- „FCL.1005.IRE Blindflugsprófdómari — Réttindi**
- Réttindi handhafa blindflugsprófdómaravottorðs eru þau að framkvæma hæfnipróf í tengslum við útgáfu og hæfnipróf í tengslum við framlengingu eða endurnýjun grunnblindflugsáritana eða blindflugsáritana.“
- 49) Í lið FCL.1010.SFE er 1. og 2. lið a-liðar breytt sem hér segir:
- „a) Flugþjálfaprófdómari fyrir flugvélar
- Umsækjendur um vottorð flugþjálfaprófdómara fyrir flugvélar skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
- 1) hvað varðar fjölstjórnarflugvélar:
 - i. vera eða hafa verið handhafar ATPL(A)-skírteinis og tegundaráritunar,
 - ii. vera handhafar vottorðs flugþjálfakennara fyrir flugvélar fyrir viðeigandi tegund flugvélar og
 - iii. hafa a.m.k. 1500 klst. fartíma sem flugmaður á fjölstjórnarflugvélum,
 - 2) hvað varðar flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu:
 - i. vera eða hafa verið handhafar CPL(A)-skírteinis eða ATPL(A)-skírteinis og tegundaráritunar,
 - ii. vera handhafar vottorðs flugþjálfakennara fyrir flugvélar fyrir viðeigandi flokk eða tegund flugvélar og
 - iii. hafa a.m.k. 500 klst. fartíma sem flugmaður á einstjórnarflugvélum,“.

50) Ákvæði c-liðar í FCL.1005.FIE er breytt sem hér segir:

„c) Flugkennaraprófdómari fyrir loftskip. Réttindi flugkennaraprófdómara fyrir loftskip eru þau að framkvæma hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun kennaravottorða á loftskip, að því tilskildu að viðkomandi sé handhafi viðeigandi kennaravottorðs.“

51) Í FCL.1010.FIE falla d- og e-liðir brott.

52) Ákvæðum 1. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. **LAPL- og PPL-skrirteini**“.

b) Í stað liða 1.1 og 1.2 kemur eftirfarandi:

„1.1. Fyrir útgáfu LAPL-skrirteinis skal handhafi LAPL-skrirteinis á aðra gerð loftfars hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar um bóklega þekkingu á þeim almennu námsgreinum sem kveðið er á um í a-lið FCL.120.

1.2. Fyrir útgáfu LAPL-skrirteinis eða PPL-skrirteinis skulu handhafar PPL-skrirteinis, CPL-skrirteinis eða ATPL-skrirteinis fyrir aðra gerð loftfars hljóta viðurkenningu til móts við kröfurnar um bóklega þekkingu á þeim almennu námsgreinum sem kveðið er á um í a-lið FCL.215. Þessi viðurkenning skal einnig gilda um umsækjendur um LAPL- eða PPL-skrirteini sem eru handhafar BPL-skrirteinis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395, eða SPL-skrirteinis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, þó skal ekki veita viðurkenningu fyrir námsgreinina „flugleiðsaga“.“

c) Ákvæði liðar 1.2a falla brott.

d) Í stað liðar 1.3 kemur eftirfarandi:

„1.3. Fyrir útgáfu PPL-skrirteinis skal handhafi LAPL-skrirteinis fyrir sömu gerð hljóta fulla viðurkenningu til móts við kröfurnar um kennslu og próf í bóklegri þekkingu.“

e) Í stað liðar 1.4 kemur eftirfarandi:

„1.4. Til að handhafar SPL-skrirteinis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976, með réttindi til að fljúga ferðavélsvifflugum, geti fengið útgefið LAPL(A)-skirteini skulu þeir, þrátt fyrir lið 1.2, sýna fram á fullnægjandi bóklega þekkingu á eins hreyfils landflugvélum með bulluhreyfli í samræmi við 2. lið a-liðar FCL.135.A.“

f) Í stað liðar 4.1 kemur eftirfarandi:

„4.1. Umsækjendur um blindflugsáritun eða grunnblindflugsáritun, sem hafa staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir CPL-skrirteini á sömu gerð loftfars, skulu hljóta viðurkenningu til móts við kröfurnar um bóklega þekkingu í eftirfarandi námsgreinum:

— mannleg geta,

— veðurfræði.“

53) Ákvæðum 3. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Í stað málsgreinarinnar eftir ii. lið 3. liðar f-liðar 9. liðar í A-kafla kemur eftirfarandi:

„Umsækjendur, sem hafa grunnblindflugsáritun eða vottorð sem staðfestir að þeir hafi lokið grunnblindflugsáfanganum, skulu fá viðurkennda allt að 10 tíma upp í þá blindflugskenndatíma sem krafist er. Ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma, sem teknir hafa verið í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.“

b) Í stað málsgreinarinnar eftir ii. lið 2. liðar e-liðar 8. liðar í C-kafla kemur eftirfarandi:

„Umsækjendur, sem hafa grunnblindflugsáritun eða vottorð sem staðfestir að þeir hafi lokið grunnblindflugsáfanganum, skulu fá viðurkennda allt að 10 tíma upp í þá blindflugskenndatíma sem krafist er. Ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma, sem teknir hafa verið í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug og“.

c) Í stað e-liðar 8. liðar í D-kafla kemur eftirfarandi:

„e) 10 blindflugskenndatímum, þar af mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfun I, flugþjálfunartæki 2, flugleiðsöguþjálfun II eða flughermi með fullri hreyfingu. Umsækjendur, sem hafa grunnblindflugsáritun eða vottorð sem staðfestir að þeir hafi lokið grunnblindflugsáfanganum, skulu fá viðurkennda allt að 10 tíma upp í þá blindflugskenndatíma sem krafist er; ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma, sem teknir hafa verið í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.“

d) Í stað a-liðar í 3. lið E-kafla kemur eftirfarandi:

„a) hafa lokið 150 klst. fartíma, þ.m.t. 50 tímum sem flugstjóri á flugvélum, en þar af skulu 10 tímar vera í landflugi.

Að undanskilinni kröfunni um 50 fartíma sem flugstjóri í flugvélum, má meta tíma sem flugstjóri í öðrum gerðum loftfara upp í kröfuna um 150 fartíma í flugvél í eftirfarandi tilvikum:

- 1) 20 tíma á þyrlum, ef umsækjandinn er handhafi PPL(H)-skírteinis,
- 2) 50 tíma á þyrlum, ef umsækjandinn er handhafi CPL(H)-skírteinis,
- 3) 10 tíma á ferðavélsvifflugum eða svifflugum,
- 4) 20 tíma á loftskipum, ef umsækjandinn er handhafi PPL(As)-skírteinis,
- 5) 50 tíma á loftskipum, ef umsækjandinn er handhafi CPL(As)-skírteinis.“

e) Í stað 9. liðar í E-kafla kemur eftirfarandi:

„9. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun fyrir flugvélar skulu fá hana viðurkennda til móts við kröfuna um blindflugskennslutíma. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun fyrir þyrlur skulu fá metna allt að fimm tíma upp í þessa blindflugskennslutíma en í því tilviki skulu minnst fimm blindflugskennslutímar fara fram í flugvél. Umsækjendur, sem hafa grunnblindflugsáritun eða vottorð sem staðfestir að þeir hafi lokið grunnblindflugsáfanganum, skulu fá viðurkennda allt að 10 tíma upp í þá blindflugskennslutíma sem krafist er.“

f) Í stað c-liðar 12. liðar í E-kafla kemur eftirfarandi:

„c) 10 tímum í blindflugskennslu, þar af mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfara I eða II eða flughermi með fullri hreyfingu. Umsækjendur, sem hafa grunnblindflugsáritun eða vottorð sem staðfestir að þeir hafi lokið grunnblindflugsáfanganum, skulu fá viðurkennda allt að 10 tíma upp í þá blindflugskennslutíma sem krafist er; Ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma sem teknir hafa verið í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.“

54) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á A-kafla í 6. viðbæti:

a) „Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Umsækjendur um áfangaskipt námskeið vegna blindflugsáritunar fyrir flugvélar skulu hafa PPL(A)- eða CPL(A)-skírteini. Umsækjendur um áfangann um blindflugsverklag, sem eru ekki handhafar CPL(A)-skírteinis, skulu hafa grunnblindflugsáritun eða vottorð um að hafa lokið námskeiði í grunnblindflugsáfanganum.“

b) Í stað liðar 10.1 kemur eftirfarandi:

„10.1. Handhafar CPL(A)-skírteinis, grunnblindflugsáritunar eða vottorðs um að hafa lokið námskeiði í grunnblindflugsáfanganum skulu fá allt að 10 tíma viðurkennda sem hluta af þeirri heildarþjálfun sem krafist er skv. 7. eða 8. lið hér að framan.“

55) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á kafla Aa í 6. viðbæti:

a) Númeri 9. og 10. liðar er breytt í 11. og 12. lið.

b) Eftirfarandi 9. og 10. lið er bætt við sem hér segir:

„9. Umsækjendur um hæfnimiðaða, áfangaskipta námskeiðið til blindflugsáritunar á flugvélar, sem hafa grunnblindflugsáritun í samræmi við FCL.835 og hafa fengið a.m.k. 10 blindflugstíma með kennara í flugvél hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki, geta hlotið viðurkenningu með tilliti til þjálfunarnámskeiðsins sem um getur í 4. lið, að því tilskildu að farið hafi verið yfir öll efnisatriði hæfnimiðaðrar blindflugsáritunar í þjálfuninni vegna grunnblindflugsáritunar og metin af samþykktu þjálfunarfyrtækinu sem veitir hæfnimiðaða, áfangaskipta flugþjálfunarnámskeið.

10. Umsækjendur um hæfnimiðaða, áfangaskipta námskeiðið til blindflugsáritunar á flugvélar, sem hafa grunnblindflugsáritun og hafa flogið samkvæmt blindflugsreglum a.m.k. 50 klst. fartíma sem flugstjóri á flugvél, skulu:

a) hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki:

- i. vera metnir með viðunandi bóklega þekkingu á hæfnimiðaðri blindflugsáritun,
- ii. hljóta viðeigandi flugþjálfun til að fá viðbótarréttindi í blindflugi í samræmi við a-lið FCL.605.IR,

- b) eftir að hafa lokið a-lið,
- i. ljúka með fullnægjandi hætti færniþrófi vegna blindflugsáritunar á flugvél í samræmi við 7. viðbæti,
 - ii. meðan á færniþrófi stendur, sýna prófdómara munnlega fram á að þeir hafi aflað sér nægrar bóklegar þekkingar á lögum og reglum um loftferðir, veðurfræði og áætlanagerð og afkastagetu.“
- 56) Ákvæðum 7. viðbætis er breytt sem hér segir:
- a) Í stað titilsins kemur „**Færniþróf fyrir grunnblindflugsáritun og blindflugsáritun**“.
 - b) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Umsækjendur skulu hafa fengið flugkennslu í sama flokki eða tegund loftfars og nota á við prófið sem skal búið viðeigandi tækjabúnaði að því er þjálfun og prófun varðar.“
 - c) Í stað 9. liðar kemur eftirfarandi:

„9. Umsækjendur skulu sýna prófdómara hvaða gátun og skylduverk þeir hafa innt af hendi, þar á meðal að auðkenna leiðsöguvirki. Gátun skal gerð í samræmi við viðurkenndan gátlista fyrir þá flugvél sem prófið er tekið á. Við fyrirflugsundirbúning fyrir prófið skulu umsækjendur ákveða stillingar á aflí og hraða. Umsækjendur skulu reikna út afkastatölur fyrir flugtak, aðflug og landingu í samræmi við rekstrarhandbók eða flughandbók þess loftfars sem notað er.“
 - d) Í stað texta neðanmálgreinarinnar (++) í lok töflunnar fyrir „flugvélar“ í 11. lið kemur eftirfarandi:

„(++) Til að koma á réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu í annaðhvort 4. eða 5. hluta skal vera eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í viðeigandi flughermisþjálfá.“
 - e) Í stað texta neðanmálgreinarinnar (+) í lok töflunnar fyrir „þyrlur“ í 11. lið kemur eftirfarandi:

„(+) Til að koma á réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu í annaðhvort 4. eða 5. hluta skal vera eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í viðeigandi flughermisþjálfá.“
- 57) Í stað fyrirsagnar 9. viðbætis kemur „**Þjálfun, færniþróf og hæfniþróf fyrir MPL-skírteini, ATPL-skírteini, tegunda- og flokksáritanir og hæfniþróf fyrir grunnblindflugsáritanir og blindflugsáritanir**“.
- 58) Ákvæðum 9. viðbætis er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1-liðar í 5. lið í B-þætti kemur eftirfarandi:

„1) Til að koma á eða viðhalda réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu skal vera eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í flughermisþjálfá sem er búinn viðeigandi tækjabúnaði.

Þrátt fyrir undirliðið hér að framan skulu réttindin fyrir hæfisbundna leiðsögu ekki taka til aðflugs við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu í tilvikum þar sem hæfniþróf fyrir framlengingu á gildistíma réttinda fyrir hæfisbundna leiðsögu felur ekki í sér æfingu í aðflugi við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu. Aflétta skal takmörkuninni ef flugmaðurinn hefur lokið hæfniþrófi þ.m.t. æfingu í aðflugi við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu.“
 - b) Í stað d-liðar 6. liðar í B-þætti kemur eftirfarandi:

„d) Ef bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færniþróf eða hæfniþróf gefur það til kynna skyldubundna æfingu eða valkost, ef fleiri en ein æfing er sýnd.“
 - c) Í stað j-liðar 6. liðar í B-þætti kemur eftirfarandi:

„j) Til að koma á eða viðhalda réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu skal vera eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í flughermisþjálfá sem er búinn viðeigandi tækjabúnaði.

Þrátt fyrir undirliðið hér að framan skulu réttindin fyrir hæfisbundna leiðsögu ekki taka til aðflugs við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu í tilvikum þar sem hæfniþróf fyrir framlengingu á gildistíma réttinda fyrir hæfisbundna leiðsögu felur ekki í sér æfingu í aðflugi við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu. Aflétta skal takmörkuninni ef flugmaðurinn hefur lokið hæfniþrófi þ.m.t. æfingu í aðflugi við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu.“

d) Í stað raðarinnar fyrir æfingu 3.8.3.4 í töflunni í j-lið 6. liðar í B-þætti kemur eftirfarandi:

<p>„3.8.3.4* Handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum í lokaaðflugi, annaðhvort fram að brautarsnertingu eða gegnum allt fráflugsverklagið (eftir því sem við á), sem hefst:</p> <p>i. áður en farið er yfir 1000 fet yfir flugvelli og</p> <p>ii. eftir að farið er yfir 1000 fet yfir flugvelli.</p> <p>Í flugvélum, sem eru ekki skráðar í flutningaflokki (JAR/FAR 25) eða mjötluflokki (SFAR 23), skal aðflug þar sem líkt er eftir hreyfilbilun hafið, og í framhaldi af því hætt við landingu, í tengslum við tvívíddaraðflugið í samræmi við lið 3.8.4. Hætt skal við landingu þegar náð er útgefinni hæð/flughæð sem veitir lausn frá hindrun (OCH/A), þó ekki síðar en náð er lágmarkslækkunarhæð/-flughæð (MDH/A) sem nemur 500 fetum yfir þröskuldi flugbrautar. Í flugvélum, sem hafa sams konar afkastagetu og flugvél í flutningaflokki hvað varðar flugtaks massa og loftþéttni-hæð, má kennarinn líkja eftir hreyfilbilun í samræmi við æfingu 3.8.3.4.</p>	<p>P —></p>	<p>—></p>		<p>M“.</p>	
--	----------------	--------------	--	------------	--

e) Í töflunni eftir j-lið 6. liðar í B-þætti fellur röðin fyrir æfingu 3.8.3.5 brott.

f) Í C-þætti er nýjum lið skotið inn sem liður 8a:

„8a) Til að koma á eða viðhalda réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu skal vera eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í flughermisþjálfna sem er búinn viðeigandi tækjabúnaði.

Þrátt fyrir undirliðinn hér að framan skulu réttindin fyrir hæfisbundna leiðsögu ekki taka til aðflugs við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu í tilvikum þar sem hæfnipróf fyrir framlengingu gildistíma réttinda fyrir hæfisbundna leiðsögu felur ekki í sér æfingu í aðflugi við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu. Aflétta skal takmörkuninni ef flugmaðurinn hefur lokið hæfniprófi þ.m.t. æfingu í aðflugi við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu.“

II. VIÐAUKI

Lið MED.A.030 IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) Þegar handhafi neytir réttinda:

- 1) flugmannsskírteinis fyrir létt loftför (LAPL-skírteinis), flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi (BPL-skírteinis), sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395, eða flugmannsskírteinis fyrir svifflugur (SPL-skírteinis), sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, skal flugmaðurinn a.m.k. vera handhafi gilds heilbrigðisvottorðs vegna LAPL-skírteinis,
- 2) einkaflugmannsskírteinis (PPL-skírteinis) skal flugmaðurinn a.m.k. vera handhafi gilds 2. flokks heilbrigðisvottorðs,
- 3) flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi (BPL-skírteinis) fyrir:
 - i. farþegaflutningaflug með loftbelg, skal flugmaðurinn a.m.k. vera handhafi gilds 2. flokks heilbrigðisvottorðs,
 - ii. starfrækslu í ábataskyni, þó ekki farþegaflutningaflug með loftbelg, með meira en 4 einstaklinga um borð í loftfarinu, skal flugmaðurinn a.m.k. vera handhafi gilds 2. flokks heilbrigðisvottorðs,
- 4) flugmannsskírteinis fyrir svifflugur (SPL-skírteinis) fyrir aðra starfrækslu svifflugna í ábataskyni en þá sem tilgreind er í 2. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, skal flugmaðurinn a.m.k. vera handhafi gilds 2. flokks heilbrigðisvottorðs,
- 5) atvinnuflugmannsskírteinis (CPL-skírteinis), fjölstjórnarskírteinis (MPL-skírteinis) eða atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL-skírteinis) skal flugmaðurinn vera handhafi gilds 1. flokks heilbrigðisvottorðs.“

b) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

- „e) Ef blindflugsáritun eða grunnblindflugsáritun er bætt við PPL-skírteini skal skírteinishafi gangast undir heyrnar-mælingu með hreinum tónum í samræmi við þá tíðni og þær kröfur sem krafist er af handhöfum 1. flokks heilbrigðisvottorða.“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum VI. viðauka (ARA-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar ARA.GEN.220 kemur eftirfarandi:

„b) Lögbæra yfirvaldið skal taka saman og uppfæra skrá yfir öll þau fyrirtækjavottorð, FSTD-viðurkenningarvottorð og flugstarfaskírteini, vottorð og staðfestingar sem það hefur gefið út, DTO-yfirlýsingar sem það hefur mótttekið og DTO-þjálfunaráætlanir sem það hefur sannreynt eða samþykkt til að farið sé að ákvæðum I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 eða III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976.“

2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ARA.GEN.350:

a) Í stað inngangsmálsliðar da-liðar kemur eftirfarandi:

„da) Þrátt fyrir a- til d-lið gildir það um yfirlýst þjálfunarfyrirtæki, að ef lögbært yfirvald finnur gögn við eftirlitsstarfsemi sína eða á annan hátt, sem gefa til kynna að yfirlýst þjálfunarfyrirtæki fari ekki að grunnskrofunum, sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) við þessa reglugerð eða kröfurnar í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 skal lögbæra yfirvaldið.“

b) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) Án þess að hafa áhrif á frekari framfylgdarráðstafanir, gildir það að ef yfirvald í aðildarríki, sem starfar í samræmi við d-lið ARA.GEN.300, uppgötvar að fyrirtæki, sem hefur vottun frá eða hefur gefið yfirlýsingu til lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnunarinnar, fari ekki að grunnskrofunum sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, kröfunum í I. viðauka (FCL-hluta), VII. viðauka (ORA-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) við þessa reglugerð eða kröfunum í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, skal það upplýsa viðkomandi lögbært yfirvald um þessar vanefndir.“

3) Í stað a-liðar í ARA.GEN.360 kemur eftirfarandi:

„a) Við móttöku beiðni frá skirteinishafa um að skipta um lögbært yfirvald, eins og tilgreint er í e-lið FCL.015 í I. viðauka (FCL-hluta), f-lið BFCL.015 í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 eða f-lið SFCL.015 í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, skal lögbæra viðtökuyfirvaldið, án ótilhlýðilegrar tafar, fara þess á leit við lögbært yfirvald skirteinishafans að flytja, án ótilhlýðilegrar tafar, öll eftirfarandi gögn:

1) sannprófun skirteinis,

2) afrit af heilbrigðisskýrslum skirteinishafa sem viðkomandi lögbært yfirvald geymir í samræmi við lið ARA.GEN.220 og ARA.MED.150. Heilbrigðisskýrslurnar skulu fluttar í samræmi við lið MED.A.015 í IV. viðauka (MED-hluta) og skulu innihalda samantekt á viðeigandi heilsufarssögu umsækjandans, sem hefur verið staðfest og undirrituð af læknisfræðilegum sérfræðingi.“

4) Eftirfarandi e-lið er bætt við ARA.FCL.200:

„e) Kennarar fyrir vottorð flugkennara á loftbelgi (FI(B)) eða sviffflugur (FI(S)): Lögbært yfirvald skal þróa viðeigandi verklag fyrir framkvæmd þeirra þjálfunarfluga undir umsjón kennara sem tilgreind eru í:

1) ii. lið 5. liðar a-liðar BFCL.315 og 2. lið a-liðar BFCL.360 í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og

2) ii. lið 7. liðar a-liðar SFCL.315 og 2. lið a-liðar SFCL.360 í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976.“

5) Í stað 3. liðar a-liðar í ARA.FCL.250 kemur eftirfarandi:

„3) ef skirteinishafi uppfyllir ekki lengur viðeigandi kröfur I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 eða kröfur III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976.“

- 6) Í stað a-liðar ARA.FCL.300 kemur eftirfarandi:
- „a) Lögbæra yfirvaldið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir og setja verklagsreglur til að gera umsækjendum kleift að gangast undir próf í bóklegri þekkingu í samræmi við viðeigandi kröfur I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 eða kröfur III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976.“
- 7) Eftirfarandi liður ARA.ATO.110 bætist við á eftir lið ARA.ATO.105:
- „ARA.ATO.110 Samþykki lista yfir lágmarksbúnað**
- Þegar lögbæra yfirvaldið tekur á móti umsókn um samþykki lista yfir lágmarksbúnað samkvæmt ORO.MLR.105 í III. viðauka (ORO-hluta) og NCC.GEN.101 í VI. viðauka (NCC-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, skal lögbæra yfirvaldið starfa samkvæmt lið ARO.OPS.205 í II. viðauka (ARO-hluta) við þá reglugerð.“
- 8) Í stað b-liðar ARA.DTO.100 kemur eftirfarandi:
- „b) Ef yfirlýsingin inniheldur ekki tilskildar upplýsingar eða inniheldur upplýsingar, sem gefa til kynna að ekki sé farið að grunnkröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, kröfunum í I. viðauka (FCL-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) við þessa reglugerð eða kröfunum í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, skal lögbæra yfirvaldið starfa samkvæmt lið da í ARA.GEN.350.“
- 9) Í stað a-liðar ARA.DTO.110 kemur eftirfarandi:
- „a) Þegar lögbæra yfirvaldið tekur á móti þjálfunaráætlunum frá yfirlýstu þjálfunarfyrtækis og hvers konar breytingum á þeim, sem það hefur fengið tilkynningu um í samræmi við c-lið DTO.GEN.115 í VIII. viðauka (DTO-hluta) eða tekur á móti umsókn um samþykki fyrir þjálfunaráætlunum yfirlýsts þjálfunarfyrtækis, sem lagðar hafa verið fyrir það í samræmi við c-lið DTO.GEN.230 í þeim viðauka, skal það sannreyna hvort þessar þjálfunaráætlanir uppfylli kröfunar í I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 eða III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á.“
- 10) Ákvæðum I. viðbætis er breytt sem hér segir:
- a) Í stað inngangsmálsliðarins eftir fyrirsögnina „**Flugliðaskírteini**“ kemur eftirfarandi:
- „Flugliðaskírteini, sem aðildarríki gefur út í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, skal vera í samræmi við eftirfarandi forskriftir:“.
- b) Í stað III. liðar 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:
- „III. Raðnúmer skírteinisins sem hefst með landskóða SP fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur „FCL“, „BFCL“ eða „SFCL“, eftir því sem við á, og svo talna- og/eða bókstafakóði með arabískum tölum og latnesku letri.“
- c) Í stað XII. liðar 2. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:
- „XII. Áritanir, vottorð og, ef um er að ræða loftbelgi og sviffflugur, réttindi: flokkur, tegund, kennaravottorð o.s.frv. ásamt síðasta gildisdegi, eftir því sem við á. Talstöðvaréttindi (R/T) mega koma fram á skírteininu eða á sérstöku skírteini.“
- d) Sniðmátinu, sem kemur á eftir c-lið, með fyrirsögnina „Kápa“ (EASA-eyðublað nr. 141, 2. útgáfa) er breytt sem hér segir:
- i. Í stað setningarinnar „Gefið út í samræmi við FCL-hluta“ kemur eftirfarandi:
- „Gefið út í samræmi við FCL-hluta/BFCL-hluta/SFCL-hluta (strika skal yfir það sem ekki á við)“.
- ii. Í stað setningarinnar „Þetta skírteini uppfyllir staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að undanskildum réttindum vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför og blindflugsáritana í flugleið“ kemur eftirfarandi:
- „Þetta skírteini uppfyllir staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að undanskildum réttindum vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför (LAPL) og grunnblindflugsáritana eða þegar heilbrigðisvottorð vegna LAPL-skírteinis fylgir með“.
- e) Í sniðmátinu sem kemur eftir fyrirsögninni „Bl. 2“ skal eftirfarandi koma í stað setningarinnar „Raðnúmer skírteinis byrjar alltaf á landskóða SP fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur „FCL.“ (athugasemd sem tengist reit III – Skírteinisnúmer):
- „Raðnúmer skírteinis byrjar alltaf á landskóða SP fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur „FCL.“, „BFCL.“ eða „SFCL.“, eftir því sem við á.“

- f) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á sniðmátinu eftir fyrirsögninni „Bls. 3“:
- i. Í stað setningarinnar „Skammstafanir, sem notaðar eru, skulu vera þær sömu og notaðar eru í FCL-hluta (t.d. PPL(H), ATPL(A) o.s.frv.)“ (texti sem tengist reit II – Titill skirteinis, fyrsti útgáfudagur og landskóði) kemur eftirfarandi:

„Skammstafanir, sem notaðar eru, skulu vera þær sömu og notaðar eru í FCL-hluta (t.d. PPL(H), ATPL(A) o.s.frv.), BFCL-hluta og SFCL-hluta“.
 - ii. Eftir setninguna „Ef um er að ræða flugmannsskírteini fyrir létt loftför: Flugmannsskírteini fyrir létt loftför sem er ekki gefið út í samræmi við staðla Alþjóðflugmálastofnunarinnar“ (texti sem tengist reit XIII – athugasemdir) er eftirfarandi texta bætt við:

„Ef um er að ræða SPL-skírteini, nema í þeim tilvikum sem um getur í b-lið 2. liðar í 3. gr. b í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976: Réttindi fyrir listflug og skýjaflug á svifflugu sem og fyrir flugtaksaðferðir sem neyta skal í samræmi við SFCL.155, SFCL.200 og SFCL.215 í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á.“

11) Í stað III. viðbættis kemur eftirfarandi:

„VOTTORÐ SAMÞYKKTRA ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKJA (ATO)

Evrópusambandið *

Lögbært yfirvald

VOTTORÐ SAMÞYKKTS ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS

[NÚMER/TILVÍSUN VOTTORÐS]

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 [og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395/framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 (AÐLAGIÐ EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á)] og að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru hér fyrir neðan, vottar [lögbært yfirvald] hér með að

[HEITI ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS]

[HEIMILISFANG ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS]

er þjálfunarfyrirtæki sem er vottað í samræmi við ORA-hluta og hefur réttindi til að halda þjálfunarnámskeið í samræmi við FCL-hluta, þ.m.t. notkun flughermisþjálfara, eins og skráð er í meðfylgjandi samþykki þjálfunarnámskeiðs/þjálfunarnámskeiðs í samræmi við BFCL-hluta/þjálfunarnámskeiðs í samræmi við SFCL-hluta [AÐLAGIÐ EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á].

SKILYRÐI:

Réttindi og umfang þessa vottorðs takmarkast við það að veita þjálfunarnámskeið, þ.m.t. notkun flughermisþjálfara, eins og tilgreint er í meðfylgjandi samþykki þjálfunarnámskeiðs.

Þetta vottorð er í gildi á meðan samþykkt fyrirtæki uppfyllir ákvæði ORA-hluta, FCL-hluta, BFCL-hluta, SFCL-hluta [AÐLAGIÐ EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á] og annarra viðeigandi reglugerða.

Með fyrirvara um að framangreind skilyrði eru uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sinu nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það takmarkað, ógilt tímabundið eða afturkallað.

Útgáfudagur:

Undirskrift:

[Lögbært yfirvald]

* „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB

**VOTTORÐ SAMÞYKKTIS ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS
SAMÞYKKI ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐS**

Viðhengi við vottorð viðurkennds þjálfunarfyrtækis nr.:

[NÚMER/TILVÍSUN VOTTORÐS]

[HEITI ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS]

hefur öðlast réttindi til að veita og stýra eftirfarandi þjálfunarnámskeiðum í samræmi við FCL-hluta/BFCL-hluta/SFCL-hluta [AÐLAGIÐ EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á] og til að nota eftirfarandi flughermisþjálfá:

Þjálfunarnámskeið	Flughermisþjálfí eða -þjálfar sem notaðir eru, þ.m.t. bókstafakóði ⁽¹⁾

⁽¹⁾ eins og tilgreint er í viðurkenningarvottorðinu

Þetta samþykki þjálfunarnámskeiðs er í gildi svo lengi sem:

- vottorð samþykkt þjálfunarfyrtækisins hefur ekki verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið, takmarkað eða afturkallað og
- öll starfræksla fer fram í samræmi við ORA-hluta, FCL-hluta, BFCL-hluta eða SFCL-hluta [AÐLAGIÐ EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á], aðrar viðeigandi reglugerðir og, þegar við á, við verklagsreglur í gögnum fyrirtækisins eins og gerð er krafa um í ORA-hluta.

Útgáfudagur:

Undirskrift: [Lögbært yfirvald]

Fyrir hönd aðildarríkis/Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA)

EASA-eyðublað nr. 143, 2. útgáfa, bls. 2/2“.

12) Í stað VIII. viðbætis kemur eftirfarandi:

„Samþykki fyrir þjálfunarátætlun

fyrir yfirlýst þjálfunarfyrtæki (DTO)

Evrópusambandið (*)

Lögbært yfirvald

Útgáfuyfirvald:

Heiti yfirlýsts þjálfunarfyrtækis:

Tilvísunarnúmer yfirlýsts þjálfunarfyrtækis:

Samþykkt þjálfunarátætlun/þjálfunarátætlanir

*Samræmingarnámskeið prófdómara — FE(S), FE(B) (**)*

*Upprifunarnámskeið prófdómara — FE(S), FE(B) (**)*

Tilvísun í skjöl:

Athugasemdir:

Framangreint lögbært yfirvald hefur sannreynt framangreinda/framangreindar þjálfunarátætlun/þjálfunarátætlanir og telst/teljast hún/þær uppfylla kröfur I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011, III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976.

Útgáfudagur:

Undirskrift: [Lögbært yfirvald]

(*) „Evrópusambandið“ fellur brott fyrir ríki utan ESB

(**) Breyta skal, eftir því sem við á.

EASA-eyðublað XXX, 2. útgáfa, bls. 1/1“.

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum VII. viðauka (ORA-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ORA.ATO.110:

a) Í stað 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„1) að tryggja að þjálfunin, sem veitt er, uppfylli kröfur I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395, III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á, og ef um er að ræða reynsluflugspjálfun, að viðeigandi kröfum í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 sem og þjálfunaráætluninni hafi verið komið á,“.

b) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) Flugkennarar og kennarar sem starfa í flughermisþjálfu skulu hafa þau réttindi sem gerð er krafa um í I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 fyrir þá tegund þjálfunar sem þeir veita.“

2) Í stað b-liðar ORA.ATO.125 kemur eftirfarandi:

„b) Þjálfunaráætlunin skal uppfylla kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395, III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á, og ef um er að ræða reynsluflugspjálfun, viðeigandi kröfur í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012.“

—

V. VIÐAUKI

Ákvæðum VIII. viðauka (DTO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á DTO.GEN.110:

a) Í stað 3. og 4. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„3) fyrir svifflugur, í samræmi við kröfurnar í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976:

- a) kennslu í bóklegri þekkingu fyrir SPL-skírteini,
- b) flugkennslu fyrir SPL-skírteini,
- c) þjálfun fyrir viðbótarréttindi fyrir svifflugur eða ferðavélsvifflugur í samræmi við SFCL.150,
- d) þjálfun fyrir viðbótarflugtaksaðferðir í samræmi við SFCL.155,
- e) þjálfun fyrir viðbótaráritanir og -réttindi: grunn- eða framhaldsréttindi fyrir listflug, áritun fyrir flugtog á svifflugum og borðum, næturflugsáritun fyrir ferðavélsvifflugur og skýjaflugsréttindi fyrir svifflugur,
- f) þjálfun fyrir flugkennaravottorð á svifflugur (FI(S)),
- g) upprifjunarnámskeið fyrir flugkennara á svifflugur,

4) fyrir loftbelgi, í samræmi við kröfurnar í III. viðauka (BFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976:

- a) kennslu í bóklegri þekkingu fyrir BPL-skírteini,
- b) flugkennslu fyrir BPL-skírteini,
- c) þjálfun fyrir viðbótarréttindi fyrir flokk eða hóp í samræmi við BFCL.150,
- d) þjálfun fyrir viðbótaráritanir: áritun fyrir flug í tjóðruðum hitaloftbelg, næturflug og starfrækslu í ábataskyni,
- g) þjálfun fyrir vottorð flugkennara á loftbelgi (FI(B)),
- h) upprifjunarnámskeið fyrir flugkennara á loftbelgi.“

b) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Yfirlýst þjálfunarfyrtæki skal einnig hafa rétt til að halda prófdómaranámskeiðin, sem um getur í BFCL.430 og 1. lið b-liðar BFCL.460 í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395, fyrir flugprófdómara fyrir loftbelgi (FE(B)), sem og í SFCL.430 og 1. lið b-liðar SFCL.460 í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 fyrir flugprófdómara fyrir svifflugur (FE(S)), að því tilskildu að yfirlýsta þjálfunarfyrtækið hafi lagt fram yfirlýsingu í samræmi við DTO.GEN.115 og lögbæra yfirvaldið hafi samþykkt þjálfunaráætlunina í samræmi við c-lið DTO.GEN.230.“

2) Í stað 8. liðar a-liðar DTO.GEN.115 kemur eftirfarandi:

„8) yfirlýsingu sem staðfestir að yfirlýsta þjálfunarfyrtækið uppfylli grunnkröfur og muni, í tengslum við þjálfunarstarfsemina sem yfirlýsingin tekur til, halda áfram að uppfylla þær grunnkröfur sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, kröfur I. viðauka (FCL-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) við þessa reglugerð og kröfur III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976.“

3) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á DTO.GEN.210:

a) Í stað i. liðar 2. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„i. að þjálfunin, sem er veitt, uppfylli kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 og ákvæði þjálfunaráætlunar yfirlýsta þjálfunarfyrtækisins.“

- b) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:
- „e) Flugkennarar og kennarar sem starfa í flughermisþjálfá skulu hafa þau réttindi sem gerð er krafa um í I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 fyrir þá tegund þjálfunar sem þeir veita.“
- 4) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á DTO.GEN.230:
- a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:
- „b) Þjálfunaráætlanir skulu uppfylla kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á.“
- b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:
- „c) Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal einungis hafa rétt til að veita þjálfunina, sem um getur í b-lið DTO.GEN.110, þegar lögbært yfirvald hefur gefið út samþykki fyrir þjálfunaráætlun viðkomandi þjálfunarnámskeiðs og allar breytingar á áætluninni, eftir að umsókn hefur borist frá yfirlýsta þjálfunarfyrirtækinu, með samþykki í samræmi við ARA.DTO.110, sem staðfestir að þjálfunaráætlunin og allar breytingar á henni uppfylli kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta), III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á. Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal sækja um slíkt samþykki um leið og það leggur fram yfirlýsingu sína í samræmi við DTO.GEN.115.“
- 5) Í stað 9. hluta yfirlýsingareyðublaðsins í 1. viðbæti kemur eftirfarandi:

„9.	<p>Yfirlýsing</p> <p>Yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið hefur mótað öryggisstefnu, í samræmi við VIII. viðauka (DTO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011, einkum í samræmi við ii. lið 1. liðar a-liðar DTO.GEN.210, og mun beita þeirri stefnu í tengslum við hvers konar þjálfunarstarfsemi sem yfirlýsingin tekur til.</p> <p>Yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið uppfyllir grunnkröfur og mun, í tengslum við þjálfunarstarfsemina sem yfirlýsingin tekur til, halda áfram að uppfylla grunnkröfurnar, sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta) og VIII. viðauka (DTO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 og kröfurnar í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 og III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976.</p> <p>Við staðfestum að allar upplýsingar, sem er að finna í þessari yfirlýsingu, þ.m.t. í viðaukum hennar (ef við á), séu tæmandi og réttar.</p> <p>Nafn, dagsetning og undirskrift fulltrúa yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins.</p> <p>Nafn, dagsetning og undirskrift skólastjóra hjá yfirlýsta þjálfunarfyrirtækinu.“</p>
-----	---